

Ár 1981, þriðjudaginn 28. apríl, var í málinu nr. 5/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 14. ágúst 1980, var kært út af því fyrir hönd eigenda fasteignarinnar nr. 3 við Bankastræti í Reykjavík, að lóð eignar þessarar væri of hátt metin. Niðurstaða úrskurðar Yfirfasteignamatsnefndar frá 5. desember 1980 varð sú, að lóðin taldist hæfilega metin á kr. 110.460.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1979.


Með bréfi, dags. 24. febrúar s.l., var þess óskað af hálfu eiganda ofangreindrar eignar, að einnig yrði endurskoðað lóðamat samkvæmt fasteignamati því, er gekk í gildi 1. desember 1978. Rétt þykir að verða við þessari beiðni og ákveðst fasteignamat lóðarinnar gkr. 71.264.516,-.

Ú R S K U R Ð A Ð O R Ð :


Lóð fasteignarinnar nr. 3 við Bankastræti í Reykjavík telst hæfilega metin á gkr. 71.264.516,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1978.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefánsson.



Guðmundur Magnússon.